

## Skýrsla hverfisráðs Hríseyjar á aðalfundi 27. maí 2021

Á aðalfundi hverfisráðs 10. febrúar 2020 voru kosin í hverfisráð í leynilegri kosningu: Claudia Werdecker, Hermann Jón Erlingsson og Ingólfur Sigfússon sem aðalmenn og Kristinn Frímann Árnason sem varamaður. Ráðið skipti með sér verkum á fyrsta fundi og ákveðið var að Ingólfur yrði formaður, Claudia ritari og Hermann meðstjórnandi. Í lok apríl sagði Hermann sig úr ráðinu og Kristinn kom inn í hans stað. Vegna COVID-19 og samkomutakmarkana þurfti að fresta aðalfundi núna fram á vorið. Haldnir voru 11 fundir frá síðasta aðalfundi.

Eftir rafmagnsleysi í desember 2019 og áhyggjur af rekstri vararafstöðvar í Hrísey var sent erindi á RARIK. Í svarbréfi frá forstjóra RARIK var tilkynnt að tryggt verði að vél varaafstöðvar sé í ásættanlegu ástandi og samið verði við vélstjóra um að sinna keyrslu á vélinni a.m.k. þar til varaafll fyrir Dalvík verður komið í betra stand.

Hverfisráði barst erindi frá Ferðamálafélaginu varðandi aðstöðu á tjaldsvæðinu í Hrísey. Óskað var eftir að málið færi í farveg hjá Akureyrarbæ svo unnt yrði að bæta aðstöðuna fyrir sumarið en af því varð ekki og því þarf að halda áfram með málið.

Ákvörðun um að taka upp klippikort við gámasvæði í Hrísey var dregin til baka eftir mikla óánægju íbúa á síðasta aðalfundi. Hverfisráð óskaði eftir betri merkingum á svæðinu og er búið að merkja stóru gámana betur en áfram þarf að vinna í að komið verði upp merkingum fyrir ýmislegt annað sem er á svæðinu, svo sem flísar, múrbrot og spilliefni. Hverfisráð óskaði eftir að nytjagámi yrði komið fyrir á gámasvæðinu en ekkert hefur áunnist varðandi það svo að halda þarf áfram að vinna í því máli.

Umræður um aðild Hríseyjar að Cittaslow samtökunum voru teknar á næsta stig. Samtöl voru við sveitarstjóra Djúpvogs, sótt var um styrk í Nýsköpunarsjóð háskólanema til að reyna að fá starfsmann til að útbúa umsókn, en fékkst ekki. Á haustmánuðum óskaði hverfisráð eftir að Ingibjörg Zophoníasdóttir þjónustufulltrúi Akureyrarbæjar í Hrísey myndi annast vinnu við umsóknarferlið og var það samþykkt og hefur hún verið að vinna að umsókninni undanfarna mánuði.

Lokafundur verkefnisins Brothættar byggðir í Hrísey var haldinn 24. febrúar 2020, þar var rætt um að hverfisráð gæti tekið við ákveðnum verkefnum sem voru í vinnslu í verkefninu. Illa hefur gengið að fá lokaskýrslu frá verkefnastjóra verkefnisins og það því að ákveðnu leyti óvísst hvert hlutverk hverfisráðs er hvað verkefnið varðar. Í mars 2021 óskaði Byggðastofnun eftir að formaður hverfisráðs myndi sitja reglulega fundi með verkefnastjórum í Brothættum byggðum til að halda tengslum við Hrísey. Þá kom Baldvin Valdemarsson hjá SSNE á fund hverfisráðs í sama mánuði og er stefnt að því að halda betri tengingu við Hrísey í gegnum hverfisráð.

Hverfisráð kom með tillögur varðandi ráðstöfun á framkvæmdafé fyrir Hrísey árið 2020 og óskaði eftir að hafist yrði handa við að bæta aðkomu að eyjunni og að bryggjusvæðið og hátíðarsvæðið verði byggt upp samkvæmt deiliskipulagi. Jafnframt að eldri verkefni verði kláruð, merkingar í eyjunni verði bættar og að unnið verði að fegrun umhverfis. Þar sem nokkuð var eftir af verkefnum frá fyrra ári var niðurstaðan sú að ráðstafa framkvæmdafénu í brettavöll við Hríseyjarskóla, grillhús, skjólvegg og fánastöng á hátíðarsvæðinu, endurgerð stiga í fjöru, líkamsræktarástöðu í íþróttamiðstöðinni, merkingar í eyjunni og fegrun umhverfis. Brettavöllurinn var kláraður síðasta sumar, líkamsræktartæki voru endurnýjuð síðasta sumar en vegna COVID-19 hefur ræktin mikið til verið lokuð síðan þá. Fleiri áhöld í ræktina eru svo á leiðinni nú á næstu dögum. Skilti með vegvísun var komið fyrir á horninu neðan við Lárubrekku. Jarðvinna og stoðir voru settar fyrir grillhús og fánastöng síðasta haust, grillhúsið og skjólveggurinn verða svo kláruð núna í sumar ásamt stiganum niður í Sæborgarfjöru. Hverfisráð hefur verið í góðum samskiptum við starfsfólk umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar og setið marga fjarfundi vegna verkefna sem eru í vinnslu.

Hverfisráð óskaði eftir að vinnuskóli standi börnum í Hrísey til boða, líkt og er á Akureyri. Hratt var brugðist við og var vinnuskóli í boði fyrir 14-17 ára ungmenni síðasta sumar. Í aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar til að bregðast við samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum COVID-19 var gert ráð fyrir sérstöku atvinnuátaki skólafólks, 18-25 ára. Sendar voru inn 10 tillögur að verkefnum til að vinna að í Hrísey, auglýst voru 8 störf en engar umsóknir bárust frá skólafólki á þessum aldri.

Árlegur hreinsunardagur var haldinn 23. maí 2020 og þar sem aðalfundurinn frestaðist fram á vorið, þá sá hverfisráðið um hreinsunardag fyrir árið 2021 sem var samtvinnuður stóra plockkdegnum 24. apríl síðastliðinn.

Í apríl 2020 barst hverfisráði bréf frá Ferðamálafélagi Hríseyjar og hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu í Hrísey þar sem lýst var yfir áhyggjum af sumrinu vegna COVID-19. Óskað var eftir stuðningi frá Akureyrarbæ við markaðsátak með því að greiða fargjöld í Hríseyjarferjuna í einn mánuð fyrir alla. Verkefnið hlaut styrk í gegnum Akureyrarstofu, frítt var í ferjuna fyrir alla í tæpar 3 vikur í lok júnímánaðar og varð algjör sprenging í fjölda ferðamanna sem sumum íbúum þótti jafnvel um of. Ferðamannastraumurinn hélt svo áfram allan júlímánuð og fram í ágúst, ferjan sigldi margar aukaferðir og varð fullt í einhverjum tilfellum.

Bruni frystihússins í lok maí 2020 var mikið áfall fyrir samfélagið í Hrísey. En einhvern veginn virðist botninum hafa verið náð þar og þaðan liggur leiðin aðeins upp á við og má segja að hún hafi gert það síðan. Afar ánægjulegt er hvernig málin hafa þróast hjá Hrísey seafood sem keypti Salthúsið af Byggðastofnun, setti þar upp frystihús og fékk nýlega vinnsluleyfi. Annar bátur var keyptur og engan bilbug að finna hjá fyrirtækinu þrátt fyrir áfallið sem bruninn var. Til viðbótar við mikinn fjölda ferðafólks síðasta sumar var mikið um framkvæmdir og saman má segja að það hafi blásið jákvæðni í samfélagið á ný. Heitlagað malbik var í fyrsta skipti lagt á götur í Hrísey þegar Austurvegur, Hjallavegur og fleiri minni kaflar voru malbikaðir. Smábátabryggjan var endurnýjuð, margir íbúar voru í framkvæmdum, mörg hús voru máluð og garðar snyrtir. Þegar á reynir líkt og síðasta sumar er gott að finna slíkan kraft. Fólksfjöldur varð í eyjunni á haustmánuðum, leikskólinn sem ekki var opnaður að hausti vegna fámennis var opnaður aftur í nóvember og hafa 7 börn verið í leikskólanum í vetur og það áttunda að bætast við nú í vor. Nemendur Hríseyjarskóla sem voru 15 í upphafi skólaárs verða 24 í lok skólaársins sem er frábær aukning og mikilvægt að Akureyrarbær styðji við þá þróun og að unnt verði að taka við enn fleiri nemendum í komandi framtíð. Í dag er meiri eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í Hrísey en framboð sem er ákveðið áhyggjuefni, en þó í raun verkefni sem þarf að leysa.

Hverfisráð bókaði að hausti um þörf þess að almenningssalerni í Hrísey verði opin allt árið en ekki aðeins yfir sumartímamann eins og hefur tíðkast. Því miður náðist ekki niðurstaða í það mál síðasta vetur en þau svör hafa borist frá Akureyrarbæ að stefnt sé á að málið verði leyst á þann hátt að aðstaðan í sundlauginni sem notuð er fyrir tjaldsvæðisgesti á sumrin verði opin næsta vetur.

Hverfisráð gaf umsögn varðandi forgang í snjómokstri í nóvember og telur mikilvægt að íbúagötur séu framarlega í forgangi. Ítrekað var mikilvægi þess að gert verði við sjóvarnargarðinn og var ánægjulegt að sjá vinnuvélar nú í vor í þeirri vinnu.

Um áramót kom í ljós að afgangur var af framkvæmdafé og var ákveðið í samráði við Hríseyjarskóla að kaupa leiktæki á skólalóðina. Keyptar voru fjórar rólur, hreiðurróla, snúningstæki, jafnvægisslá og rennibraut. Uppsetning stendur yfir þessa dagana og styttist í verklok. Jafnframt verður svæði leikskólans stækkað svo að börnin hafi meira leiksvæði innan girðingar.

Hverfisráð óskaði eftir því að umsókn yrði send í verkefnið Ísland ljóstengt til að leggja ljósleiðara í eyjuna. Í ljós kom að Hrísey telst sem þéttbýli í skilgreiningu þess verkefnis og því var ekki hægt að sækja um í þetta tiltekna verkefni. En viðræður Akureyrarbæjar við Fjarskiptasjóð héldu áfram og fékkst styrkur

frá Fjarskiptasjóði við lagningu á ljósleiðarastofnstreng til Hríseyjar. Samkvæmt nýjustu upplýsingum verður útboð varðandi þá vinnu í sumar. Þegar sá stofnstrengur hefur verið lagður er lagning ljósleiðara í hús orðin á sömu markaðslegu forsendum og í öðrum þéttbýliskjörnum landsins. Hverfisráð fagnar þessum áfanga sem er afar mikilvægur varðandi byggðapróun til framtíðar.

Á nýju ári var óskað eftir tillögum varðandi ráðstöfun á framkvæmdafé fyrir árið 2021. Tekið var á móti tillögum rafrænt frá íbúum í gegnum Facebook, flestar tengdust þær áframhaldandi uppbyggingu á hátíðarsvæðinu, fjölgun leiktækja fyrir börn ásamt fegrun og uppbyggingu áningarstaða og gönguleiða. Niðurstaðan var að nota framkvæmdafé til að klára að setja niður stigann við Sæborgarfjöru, uppbyggingu á hátíðarsvæði, göngustígum og áningarsvæði.

Til að bæta samskipti og tengsl hverfisráðs við Akureyrarbæ hafa bæjarfulltrúar skipst á að sitja fundi hverfisráðs eða tengst í gegnum tölvu ásamt því að þjónustufulltrúi Akureyrarbæjar í Hrísey hefur verið áheyrnarfulltrúi á fundum. Er þetta gert með það að markmiði að einfalda samskipti, stytta boðleiðir og tengja betur saman starf þjónustufulltrúa við vinnu hverfisráðs. Þrjú bæjarfulltrúar hafa komið á síðustu fundi hverfisráðs og hefur fyrirkomulagið gefið góða raun.

Af þessu má sjá að margt hefur áunnist á starfsári hverfisráðs en fjölmörg verkefni eru í vinnslu og önnur sem þarf jafnvel að taka upp aftur eða fylgja eftir. Með samvinnu, jákvæðni og seiglu getum við gert svo margt, samfélaginu okkar í Hrísey til heilla.

Ingólfur Sigfússon  
formaður hverfisráðs Hríseyjar febrúar 2020 - maí 2021